

AUGLÝSING

90

15. júlí

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur eru bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. *Vonarstræti*, frá Tjarnargötu að Suðurgötu.
 2. *Suðurgötu*, frá Vonarstræti að Túngötu.
 3. *Tryggvagötu*, sunnan megin götunnar frá Kalkofnsvegi að Pósthússtræti.
 4. *Vesturgötu*, sunnan megin götunnar frá Aðalstræti að Grófinni.
 5. *Naustunum*, austan megin götunnar frá Hafnarstræti að Tryggvagötu.
 6. *Á akbrautum hringtorga* í bænum.
 7. *Lækjargötu*, við eyjarnar, sem skipta götunni í tvær akbrautir.
- Bifreiðastöður eru takmarkaðar við 15 mínútur kl. 9—19 alla virka daga á eftirgreindum stöðum:

Lækjargötu, vestanmegin götunnar frá Vonarstræti að Austurstræti.
Tryggvagötu, sunnan megin götunnar að Ægisgötu.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. júlí 1955.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

91

20. júní

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags	kr. 200.00
2.	— — — um skrásetningu firma	— 60.00
3.	— — — um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 60.00
4.	— — — um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 60.00
5.	— — — um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 15.00
6.	— uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 150.00
7.	— fjármark	— 20.00
8.	— auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ...	— 5.00
9.	— innköllun, þrjár birtingar	— 150.00
10.	— auglýsingu um skiptafund	— 60.00

Gjaldskyld efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 7 krónum fyrir hvern dálksentimetra.